

3. gr.

Dótturfélag lánastofnunar, eða sameiginlegt dótturfélag tveggja eða fleiri lánastofnana, með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að stunda umsýslu greiðslukorta skv. 4. tölul. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, enda sé þeim heimilt að stunda starfsemina í heimaríkinu.

Félag skv. 1. mgr. skal tilkynna starfsemi sína til Fjármálaeftirlitsins. Með tilkynningu skal fylgja staðfesting á því að félagið sé í eigu eftirlitsskyldra aðila og sé heimilt að stunda viðkomandi starfsemi í heimaríkinu. Óheimilt er að hefja starfsemi félagsins fyrir en Fjármálaeftirlitið hefur gengið úr skugga um starfsheimildir þess og starfsemi.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að afla upplýsinga um starfsemi félagsins og setja starfsemi þess hér á landi skilyrði. Brjótí félagið gegn skilyrðum samkvæmt þessari gr., eða brjótí að öðru leyti gegn heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum, er Fjármálaeftirlitinu heimilt að banna starfsemi þess hér á landi.

4. gr.

Nú starfrækir fjármálafyrirtæki útibú í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, skv. heimild í 36. gr. laga nr. 161/2002, og skal þá Fjármálaeftirlitinu skylt að tilkynna til lögbærra yfirvalda þess ríkis þar sem fjármálafyrirtækið starfrækir útbú um hverjar þær breytingar sem kunna að verða á áður veittum upplýsingum um bótakerfi sem vernda viðskiptavini útibús hins innlenda fjármálafyrirtækis, sbr. 3. mgr. 36. gr. laga nr. 161/2002.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 35. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki og 19. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 5. mars 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í sveitarfélaginu Helgafellssveit.

Hreppsnefnd Helgafellssveitar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir ferðapjónustusvæði með tjald-, hjólhýsa- og smáhýsasvæði í Hólalandi í Helgafellssveit.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Helgafellssveit, 2. mars 2004.

F.h. hreppsnefndar,

Benedikt Benediktsson oddviti.